

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík





Reykjavík 14. apríl 2016
UST201603-174/B.S.
10.05.08

Efni: Rannsóknarleyfi – Djúpárvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknarleyfi á vatnasviði Djúpár í Skaftárhreppi. Fyrirhugaðar rannsóknir felast m.a. í landmælingum, rannsóknum á náttúrufari og könnun á jarðlögum m.t.t. mannvirkjagerðar og efnistöku. Rannsóknir á jarðlögum verða ýmist framkvæmdar með kjarnaborun eða greftri rannsóknarhola. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að velja aðkomuleiðir að rannsóknarsvæðinu þannig að ummerki um ferðir veinnuvéla verði sem minnst. Einnig verði þess gætt að ganga vandlega frá öllum rannsóknarholum og öðru raski þannig að sýnilegt rask verði sem minnst.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri